



Stjórn Úrvinnslusjóðs

355. stjórnarfundur, fimmtudaginn 22. febrúar 2023 - kl. 09:00 – 11:00

Suðurlandsbraut 24, 2. hæð

Dagskrá samkvæmt fundarboði:

A. Til kynningar

1. Staða úrbótaáætlunar vegna fernuskýrslu
2. Söfnun á víðavangi

B. Til samþykktar

3. Sérstök söfnun
4. Áhættumat
5. Meðhöndlun ökutækja
6. Endurgjald vegna smurolíu
7. Skipulag Úrvinnslusjóðs og starfsáætlun

C. Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu mála

D. Fundargerð lögð fram til samþykktar

Fundinn sátu:

Stjórn:

Kristófer Már Maronsson, formaður (KMM),
Benedikt S. Benediktsson (BSB), tekur þátt í gegnum fjartengingu
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Jón Viggó Gunnarsson (JVG)
Líf Magneudóttir (LM)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (SBJ),
Guðlaugur G. Sverrisson (GGS)
Margrét Kjartansdóttir (MK), fundarritari.

Samantekt ákvarðana fundarins:

- Stjórn samþykkti breytingu á greiðslum vegna sérstakrar söfnunar til samræmis við vísitölubreytingar.
 - Endurgjald hækki um 7,5% og hækkun gildi afturvirkkt frá 1. janúar 2023.
 - Endurgjald hækki um 15% frá 1. janúar 2024 frá upphaflegri gjaldskrá
- Stjórn samþykkti að hætt yrði að greiða fyrir samsöfnun pappa og plasts frá og með 1. maí 2024.
- Stjórn samþykkti áhættumat Úrvinnslusjóðs.
- Stjórn samþykkti tillögu um nýtt endurgjald fyrir meðhöndlun ökutækja
 - Greiddar verði 10.000,- kr. fyrir hvert tætt ökutæki þar sem skyldu um upplýsingagjöf um afdrif einstakra efnisstrauma er fullnægt.
- Stjórn samþykkti breytingu á endurgjaldi vegna úrvinnslu spilliefna.
- Stjórn samþykkti fundargerð 355. fundar.

Verkefni:

- Stjórn óskar eftir að á næsta stjórnarfundum verði tekin til umræðu plastsjóður þá meðal annars m.t.t. þrepaskiptingu gjalda.
- Stjórn óskar eftir að fá kynningu á stafrænni þróun og gagnaöryggi.

DAGSKRÁ

A. Til kynningar:

1. Staða úrbótaáætlunar vegna drykkjarferna

Farið er yfir stöðu verkefna í úrbótaáætlun vegna drykkjarferna. Fram kemur að fundað hafi verið með þjónustuaðilum þar sem ræddar voru hugmyndir um hvernig best sé að verða við ábendingum skýrslu. Á fundum hafi komið fram mismunandi sýn. Fyrirhugað er að leita sjónarmiða fleiri aðila sem tengjast málaflokki s.s. framleiðanda drykkjarferna, sem unnið hafa að framþróun ferna til að mæta auknum kröfum væntrar umbúðareglugerðar.

2. Söfnun á víðavangi

Farið er yfir drög að minnisblaði, sem unnið var á grundvelli fyrirbyggjandi gagna um söfnun á víðavangi. Unnið verður áfram með tillögur og þær lagðar fyrir á næsta stjórnarfundum þann 7. mars nk. Fyrir næsta fund verði rætt við systurfélög okkar hvernig þau hagi þeirra framkvæmd við söfnun ásamt því sem rætt verði við fleiri sveitarfélög og/eða Samtök íslenskra sveitarfélaga.

B. Til samþykktar:

3. Sérstök söfnun

Lögð er fram tillaga um endurskoðun greiðslna vegna sérstakrar söfnunar. Tillaga er um afturvirka 7,5% hækkun. Sömu leiðis er lagt til að hætt verði að greiða vegna

samsöfnunar. Tillaga byggir á skoðun sérfræðings á raunkostnaði af sérstakri söfnun. Skoðun sýndi að kostnaðarauki sem greiðslum var ætlað að standa undir er umfram greiðslur. Skoðuð er staða sjóða. Eftirfarandi tillögur eru lagðar fram og samþykktar:

1. Hækkun gjaldskrár endurgjalds vegna sérstakrar söfnunar árið 2023 hækki um 7,5% í samræmi við hækkun vísitölu.
2. Hækkun gjaldskrár endurgjalds vegna sérstakrar söfnunar frá 1. janúar 2024 hækkar um 15 % frá upphaflegri gjaldskrá.
3. Endurgjald vegna samsöfnunar á plasti og pappa verði 0 kr. frá og með 1. maí 2024.

Í framhaldi af ákvörðun leggur stjórn til að skoðuð verði álagning úrvinnslugjalds og þá sérstaklega með hliðsjón af stöðu plastsjóðs.

4. Áhættumat

Úrvinnslusjóður hefur framkvæmt áhættumat vegna starfseminnar. Við mat var stuðst við aðferðafræði almannavarna. Þar sem starfsemi Úrvinnslusjóðs hefur ekki bein áhrif á borgara, nátturu eða minjar og beint eða óbeint fjárhagslegt tjón vegna virkjunar áhættuþátta er langt undir lægstu mörkum í áhættumati almannavarna er ekki talin ástæða til að skrá áhættuþætti inn í áhættumat almannavarna. Verður almannavörnum kynnt sú niðurstaða. Í tengslum við áhættumat var unnin verkefnalisti vegna innleiðinga ráðstafana sem dregið geta úr líkum og eða afleiðingum viðburða. Stjórn samþykkti niðurstöðu áhættumats eins og hún er lögð fram. Áhættumat verðu endurtekið árlega. Þar sem starfsemi er háð tiltækileika og réttleika gagna óskar stjórn eftir að fá sérstaka kynningu á stafrænni þróun og gagnaöryggi hjá sjóðnum.

Guðlaugur G. Sverrisson bætist í hóp fundarmanna undir umfjöllun þessa dagskrárliðar.

Benedikt S. Benediktsson vikur af fundi undir umfjöllun þessa dagskrárliðar.

5. Meðhöndlun ökutækja

Lögð er fram tillaga um endurgjald vegna meðhöndlunar ökutækja. Greitt yrði fyrir meðhöndlun (tætingu) þar sem uppfylltar yrðu skyldur til upplýsingagjafar um ráðstöfun einstakra efnisstrauma. Lagt er til að greitt verði fast gjald að fjárhæð 10.000,- kr. vegna hvers ökutækis. Greiðsla kæmi til viðbótar greiðslum vegna úrvinnslu þeirra stöku hluta sem þegar er greitt fyrir s.s. hjólbarða og rafgeyma. Greiðsla yrði innt af hendi óháð því hvort ökutæki er flutt pressað úr landi eða hvort það er tætt hér, en væri háð því að skilað sé fullnægjandi skýrslum um efnisstrauma. Einnig er lagt til að í framhaldi verði kannað hvort hægt sé að fela öðrum umsjón með kerfinu. Metin kostnaðarauki er 80 – 100 milljónir á ári og ber sjóðstaða þann kostnaðarauka.

6. Endurgjald vegna úrvinnslu smuroliu

Umræðu og ákvörðun er frestað til næsta fundar.

7. Endurgjald vegna úrvinnslu spilliefna

Samþykkt er tillaga um hækkun endurgjalds vegna úrvinnslu spilliefna. Hækkun er til samræmis við hækkun á gjaldskrá Köllu.

8. Skipulag og starfsáætlun Úrvinnslusjóðs

Umræðu og ákvörðun er frestað til næsta fundar.

C. Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu mála í rekstri

D. Fundargerð lögð fram til samþykktar og undirritunar

Næsti fundur verður haldinn 7. mars 09.00 í gegnum TEAMS
Fundu slitið 11.30